



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
fimmtudaginn 13. ágúst 2020 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykóhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson, Ingimar Ingimarsson og Eiríkur Kristjánsson í forföllum Jóhönnu Aspar Einarsdóttur. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi mætti ekki.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið og kallaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 8. júní 2020.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2008002 - Úthlutun leiguíbúða, Hellisbraut 38 a, litla íbúð í skóla.

Lagðar eru fram umsóknir um ofangreindar íbúðir, umsækjendur eru metnir eftir samþykktu matsblaði.

Samþykkt er að leigja Hellisbraut 38a til Róberts Salvars og Ólafs Garðars frá 1. september 2020.

Samþykkt er að leigja litlu íbúðina í skólanum til Jakobs Borgars frá 1. september 2020.

Nefndin telur mikilvægt að umgjörð úthlutunarferlis íbúða í eigu sveitarfélagsins verði endurskoðað. Samþykkt samhljóða.

3. 2008001 - Framkvæmdaleyfi fyrir plægingu á jarðstreng frá Bakka að Valshamri.

Nefndin samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis með fyrirvara um samþykki landeigenda og Minjastofnunar. Samþykkt samhljóða.

4. 2008005 - Hellisbraut 10, landnr. 139706, umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin vísar erindinu til afgreiðslu byggingafulltrúa.

5. 2008006 - Garðar, landnr. 139553, umsókn um byggingaleyfi.

Nefndin gerir engar athugasemdir við umsóknina. Samþykkt samhljóða.

6. 2006006 – Hafnarframkvæmdir, dýpkun.

Nefndin telur mikla þörf á því að dýpka höfnina og hvetur sveitarstjórn til að leita allra leiða til þess að það geti orðið. Samþykkt samhljóða.

7. 2008003 - Hafnarsambandsþing 2020, boðun.

Lagt fram og kynnt.

8. 1805012 - Slökkvistöð í Flatey.

Lögð fram magntöluskrá til frekari vinnslu.

9. 2008004 - Umsókn um rekstrarleyfi.

Nefndin gerir engar athugasemdir við umsóknina. Samþykkt samhljóða.

10. 2006018 - Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í höfnum.

Enduskoðuð áætlun hefur verið send Umhverfisstofnun.

11. 2007009 - Ákvörðun um matsáætlun vegna vindorkuvers í Garpsdal.

Erindi frá Skipulagsstofnun 28. júlí 2020. Lagt fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12.00.

_____	_____
_____	_____
_____	_____